

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2024
UST202404-051/R.S.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Biktankar Malbikunarstöðvarinnar Höfða - Áhelli

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að Malbikunarstöðin Höfði hf. hafi gilt starfsleyfi til rekstur malbikunarstöðvar að Áhelli 34 í Hafnarfirði. Í starfsleyfinu kemur fram að heimilt er að vera með 200 m³ af biki og olíu á starfssvæðinu. Vegna breyttra aðstæðna hefur Malbikunarstöðin Höfði óskað eftir heimild til að geyma allt að 1000 m³ birgðir af biki og olíu á starfssvæði sínu. Mestmegnis er um að ræða bikbirgðir en einungis sé 40 m³ geymir fyrir díselolíu á svæðinu sem sé á lekahelldu plani. Gert verði ráð fyrir árekstrarvörnum umhverfis tankana.

Framkvæmdaraðili hefur þegar sótt um breytingu á starfsleyfi sínu en í starfsleyfisferlinum kom upp að tilkynna þyrfti framkvæmdina til Skipulagsstofnunar.

Bik og bikgeymsla

Bik fellur undir reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Bik er þó annars eðlis en önnur olía sem reglugerðin nær til. Til að bik sé fljótandi þarf að halda því heitu en um leið og það kemur við umhverfishitastig verður það seigfljótandi og stirðnar. Vegna þessa eiginleika biks er ekki talin mengunarhætta vegna geymslu þess sé ákvæðum sem sett verða í starfsleyfið fylgt.

Í greinargerð kemur fram að frágangur á tönkum og leiðslum fyrir bik hjá framkvæmdaraðila sé í samræmi við reglugerð nr. 35/1994. Umhverfisstofnun bendir á að sú reglugerð hefur verið brottfelld með reglugerð nr. 884/2017 og skal frágangur því verð í samræmi við þá reglugerð.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri